



Fundargerð - 3

Aðalstjórn Aftureldingar fundaði miðvikudaginn 26. maí 2014 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:10.

Mætt: Eymundur Sigurðsson (ES), Gudjon Helgason (GH), Hekla Klemenzdóttir (HK), Geirharður Long (GL), Auður Gunnarsóttir (AG) og Indriði Jósafatsson framkvæmdarstjóri (IJ). Einnig mættu þær Vilborg Jónsdóttir(VJ) og Ester Sveinbjarnardóttir(Esv) starfsmenn skrifstofu á fundinn á meðan liður eitt í dagskrá, fjármál félagsins var ræddur.

Lára Berglind Helgadóttir og Anna Sigurðardóttir boðuðu forföll.

Guðjón formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fjármál félagsins.

VJ og ESv kynntu allar helstu tölur úr bókhaldi félagsins og fóru yfir stöðu deilda gagnvart aðalstjórn og öfugt. Rætt var um önnur uppgjör og fjáröflunarleiðir deilda.

Farið var yfir ráðgefandi punkta frá Sigurjóni Einarssyni bókara. IJ og HK falið að taka saman punkta sem byggja á umræðum fundarins og ábendingum Sigurjóns. Sigurjóni mun svo endanlega vera falið að fara yfir þessi mál og gefa álit sitt á þeim. Ákveðið að nota vísitöluleiðréttingu rekstrarstyrkja sem von er á þessa daganna til að stilla af og leiðrétta uppsafnaða skuldastöðu milli deilda og aðalstjórnar.

Erindi frá formanni handknattleiksdeildar.

Farið var yfir erindi handknattleiksdeildar, málið rætt með tilliti til lyftingarparfa allra deilda í heild sinni.

Erindi frá Hjalta og Eldingu v. sameiginlegar lyftingaraðstöðu.

Farið yfir erindi Hjalta og málið rætt – engar ákvarðanir teknar á þessu stigi.

Erindi frá Karatedeild og Taekwondodeild v. bardagasalar.

Farið var yfir bréf formanna deilda. Ákveðið að fá fund með þeim til að fara yfir málið.

Vorhátíð 14. Júní n.k. - drög að dagskrá.

Farið yfir drög sem IJ lagði fram.

Önnur mál.

Upplýsingaskjór í Lágafellsskóla orðinn virkur fyrir tilkynnigar frá Aftureldingu í samstarfi við skólann. Því eru nú upplýsingar frá félaginu bæði inn í Lágafellsskóla og hér í anddyri íþróttamiðstöðvar fyrir þá börn og unglunga í Varmárskóla sem sjá hann þegar þau koma í íþróttakennslu.

Fundi slitið 22:30

Eymundur Sigurðsson
(sign.)